

Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (örnám og prófgráður)

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Háskóla Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006. Frumvarpið tengist endurskoðun á svokölluðum viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem gefin voru út af ráðherra árið 2011. Til stendur að breyta m.a. ákvæðum viðmiðanna um einingafjölda að baki diplómum og viðbótarprófum á meistarastigi. Einnig er fyrirhugað að setja ný ákvæði inn í viðmiðin um svokallað meistarapróf á doktorsstigi (M.Phil.) og svokallað örnám (e. micro-credentials). Samhliða þessum breytingum þarf að breyta ákvæðum 7. gr. laga um háskóla þar sem fjallað er um prófgráður, diplómur og tengd atriði.


Umræddar lagabreytingar voru boðaðar sl. sumar í sérstöku skjali í samráðsgátt stjórnvalda sem bar yfirskriftina „Áform um lagasetningu“. Í kjölfarið voru frumvarpsdrög birt í samráðsgáttinni. Háskóli Íslands sendi inn skriflega umsögn, bæði um áður nefnt skjal og síðar um frumvarpsdrögin. Í þessum umsögnum kemur afstaða skólans til meginatriða málsins skýrt fram. Sú afstaða er óbreytt og skal ítrekuð hér.

Háskóli Íslands fagnar viðleitni stjórnvalda til að tryggja að háskólanám sem stundað er hér á landi sé alþjóðlega viðurkennt. Jafnframt áréttar skólinn að 30 eininga viðbótarnám á meistarastigi, sem ýmsar deildir bjóða, hefur gegnt mikilvægu hlutverki í námsframboði skólans. Nái boðaðar breytingar fram að ganga er ljóst að leggja þarf þessar námsleiðir niður eða stækka þær upp í a.m.k. 60 einingar. Þriðji kosturinn yrði væntanlega að umbreyta þeim í örnám.

Að mati Háskóla Íslands kann vel að vera að í örnámi felist tækifæri til að þróa sveigjanlegt nám sem sniðið er að fjölbreyttum þörfum vinnumarkaðar og samfélags. Hins vegar telur skólinn ekki fyllilega ljóst hvaða viðmið og kröfur örnám á háskólastigi þarf að uppfylla. Mikilvægt er að mótuð verði formleg umgjörð um þessa tegund náms með skýrum kröfum og viðmiðum.

Um þessar mundir er unnið að því á vettvangi Evrópska háskólasvæðisins að móta leiðbeiningar fyrir háskóla um örnám. Reikna má með því að þeirri vinnu ljúki um mitt næsta ár, þ.e. í júní 2024. Í ljósi þessa óskaði Háskóli Íslands eftir því við ráðuneytið að ákvæði um breyttan einingafjölda að baki diplómum og viðbótarprófum kæmu ekki til framkvæmda fyrr en frá og með háskólaárinu 2025–2026. Skólinn fagnar því að í drögum að frumvarpi til breytinga á lögum um háskóla er í 2. gr. gert ráð fyrir því að þessar breytingar komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 2025.

Að lokum vill Háskóli Íslands ítreka hvatningu sína til stjórnvalda að efnt verði til átaks til að kynna örnám á háskólastigi fyrir haghöfum, þ.m.t. núverandi og verðandi háskólanemum, atvinnurekendum og stéttarfélögum háskólamenntaðs fólks. Sér í lagi er mikilvægt að upplýsa heildarsamtök á vinnumarkaði um hvað felst í örnámi til að stuðla að því að það verði viðurkennt í kjara- og stofnanasamningum.



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands